




Fjárfestingarstigið í hagkerfinu hátt í ljósi faraldursins

Heildarfjárfesting í hagkerfinu nam 620 mö.kr. á síðasta ári og dróst saman að magni til um 6,3% frá fyrra ári. Sá samdráttur skýrist fyrst og fremst af samdrætti í atvinnuvegafjárfestingu. Opinber fjárfesting og fjárfesting í íbúðarhúsnæði drógust einnig saman en áhrif þessara þátta á breytingu heildarfjárfestingar voru mun minni.


Atvinnuvegafjárfesting nam rúmum 350 mö.kr. á síðasta ári og dróst saman um 8,7% að magni til. Þetta er nokkuð minni samdráttur en við spáðum í [þjóðhagsspá](#) okkar í október. Þá gerðum við ráð fyrir 16,9% samdrætti. Almenn atvinnuvegafjárfesting, sem telur alla atvinnufjárfestingu utan fjárfestingar í sveiflukenndum liðum eins og stóriðju, skipum og flugvélum, nam 277 mö.kr. á síðasta ári og dróst saman um 10,5%. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam almenn atvinnuvegafjárfesting 8,3% á síðasta ári. Það er lægsta hlutfallið síðan árið 2013, þegar það var 6,7%. Meðaltalið milli 1997-2009 var 9,3% og er þetta því aðeins undir því meðaltali. Á árunum eftir hrun lá þetta hlutfall á bilinu 4,4-5,4%.

Fjárfestingin mikil í ljósi neikvæðs mats stjórnenda á ástandi efnahagslífsins

Sé litið til sögulegs samhengis á milli annars vegar mats stjórnenda á stöðu efnahagslífsins og hins vegar umfangi fjárfestingar virðist fjárfestingin hafi verið verulega mikil á síðasta ári. Að meðaltali var vísitala mats stjórnenda á síðasta ári um 22 stig. Á árabílinu 2009-2013 var vísitalan um og undir þeirri tölu en þá var fjárfesting að meðaltali 140 ma.kr. Á síðasta ári var hún hins vegar 277 ma.kr. eða um tvöfalt meiri en hvort tveggja er mælt á föstu verði. Þessi munur getur að hluta til skýrst af því að mikið af fjárfestingarverkefnum hafi verið í gangi sem ákveðið hafi verið að halda áfram með þrátt fyrir faraldurinn. Í þessu má t.d. nefna byggingar á hótelum sem haldið hefur verið áfram með. Aðrir þættir sem skýra hátt fjárfestingarstig eru t.d. sögulega lágt vaxtastig hér á landi sem styður við fjárfestingu. Eiginfjárstaða fyrirtækja er einnig mikið betri nú en fyrstu árin eftir hrun og því



Hlutfall af landsframleiðslu
Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans, Seðlabanki Íslands



auðveldara að fjármagna fjárfestingu. Einnig skiptir hér miklu máli hve mikið neikvæð efnahagsleg áhrif faraldursins eru bundin við eina atvinnugrein, ferðaþjónustuna. Þannig ganga flestar aðrar atvinnugreinar utan ferðaþjónustu ágætlega þrátt fyrir faraldurinn.



Við fyrstu sýn mætti ætla að ástæðan fyrir því að samdráttur atvinnuvegafjárfestingar hafi ekki orðið meiri á síðasta ári hafi verið vegna mikillar fjárfestingar á fyrsta ársfjórðungi, þ.e. áður en faraldurinn braust út. Það er hins vegar ekki ástæðan nema síður sé. Þannig var samdráttur almennrar atvinnuvegafjárfestingar mestur á fyrsta fjórðungi á ársgrundvelli, eða 20%. Hann var síðan um 10% á öðrum og þriðja fjórðungi en minnstur á fjórða fjórðungi, eða 2%.

Stærsti fjárfestingarliðurinn er mannvirkjagerð


Sé atvinnuvegafjárfestingin brotin niður eftir eðli hennar sést að umfangsmesta fjárfestingin hefur, sögulega séð, verið í hvers kyns mannvirkjum. Sú fjárfesting nam 126 mö.kr. á síðasta ári og dróst saman um 15,1% frá fyrra ári. Hún hefur ekki verið minni síðan árið 2015, þegar hún nam 116 mö.kr. Annar stærsti liðurinn hefur jafnan verið skrifstofuáhöld og -tæki. Fjárfestingin í þeim lið nam 66 mö.kr. á síðasta ári og dróst saman um 14%. Sá liður hefur einnig ekki verið umfangsminni síðan árið 2015. Þriðji stærsti liðurinn fellur undir annað en fjárfestingin þar nam 50 mö.kr. og jókst lítillega milli ára.

Mikil fjárfesting í ferðaþjónustu

Í uppsveiflunni varð töluvert mikil fjárfesting í ýmsum greinum og má þar t.d. nefna ferðaþjónustu. Mikil fjölgun erlendra ferðamanna kallaði á verulega fjárfestingu í ferðaþjónustu og má þar t.d. nefna gistirými og bílaleigubíla. Stóran hluta af þeirri mannvirkjafjárfestingu sem ráðist var í á síðustu árum má rekja til hótélbygginga. Fjárfesting í fólksbílum óx verulega upp úr árinu 2015 og má það eflaust að stærstu leyti rekja til fjárfestingar bílaleiga. Árleg fjárfesting fór úr 6 mö.kr. árið 2013 og upp í 17 ma.kr. árin 2017 og 2018 en síðan dró nokkuð úr henni. Einna mest hefur fjárfesting í ferðaþjónustu verið tengd hótélbyggingum og flugsamgöngum og þá helst í fjárfestingu sem



Á föstu verðlagi ársins 2020
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagstofa Íslands



tengist flugvöllum. Isavia hefur lagt í mikla fjárfestingu á síðustu árum og þær áætlanir sem félagið hafði áður en faraldurinn skall á voru metnaðarfullar. Hægst hefur verulega á áætlunum Isavia eftir að faraldurinn skall.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.